

## FUNDARGERÐ

**584. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 17. janúar, 2019 kl. 16.00 á skrifstofu sveitarfélagsins, Austurvegi 17 í Vík.**

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina.

Oddviti sveitarstjórnar, Einar Freyr Elínarson, setti fundinn og stjórnaði honum. Misbrestur varð á útsendingu fundargagna til sveitarstjórnarmanna með löglegum tveggja sólarhringa fyrirvara og óskar því oddviti þess að sveitarstjórn staðfesti lögmæti fundarins.

**- Lögmæti fundarins er samþykkt samhljóða.**

Oddviti óskar að eftir að eftirtalin mál yrðu tekin á dagskrá fundarins:

- Breyting á samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps. Verði liður III – 8 á dagskrá.

**Samþykkt var að taka málið á dagskrá.**

**- Samþykkt samhljóða.**

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

**Dagskrá fundarins:**

### **I. Fundargerðir til staðfestingar.**

- 1. Fundargerð frá 241. fundi Fræðslunefndar, haldinn 17. desember 2018.**

#### **4. Önnur mál**

Leikskólustjóri vekur athygli á því að mikill hávaði berist frá tónskóla og mikið áreiti fylgi því fyrir nemendur og starfsmenn leikskólans.

Nefndin felur sveitarstjóra að leita lausna á húsnæðismálum leikskóla og/eða tónskóla þar sem ástandið sé óviðunandi.

**- Samþykkt samhljóða.**

*Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa að kanna hvaða kostir séu til staðar til að hagræða húsakosti svo hann henti betur bæði starfi leik- og tónskóla. Minnisblað þess efnis skal lagt fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar. Að öðru leyti samþykkir sveitarstjórn afgreiðslu nefndarinnar*

**-Samþykkt samhljóða.**

- 2. Fundargerð frá 264. fundi Skipulags- og bygginganefndar, haldinn 10. janúar 2018.**

#### **1. Smiðjuvegur 11 – Umsókn um byggingarleyfi.**

Skeljungur sækir um breytingu á byggingarleyfi til að setja upp skilti.

RH  
PT  
EIE

*Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu þessa máls. Beðið eftir umsögn Vegagerðar.*

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.**

- Samþykkt samhljóða.

**2. Austurvegur spennistöð – Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik.**

Rarik sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir spennistöð við Austurveg 20 í samræmi við framlögð gögn.

*Skipulags- og bygginganefnd veitir ekki leyfi til stofnunar lóðar á umbeðnum stað en bendir umsækjendum á að finna lóð undir spennistöðina í samráði við byggingarfulltrúa.*

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.**

- Samþykkt samhljóða.

**3. Strandvegur spennistöð – Umsókn um stofnun lóðar fyrir spennistöð Rarik.**

Rarik sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar undir spennistöð við Strandveg í samræmi við framlögð gögn.

*Skipulags- og bygginganefnd veitir ekki leyfi til stofnunar lóðar á umbeðnum stað en bendir umsækjendum á að finna lóð undir spennistöðina í samráði við byggingarfulltrúa.*

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.**

- Samþykkt samhljóða.

**4. Mýrarbraut 6 – Umsókn um breyting á byggingargerð íbúðalóð.**

Valdimar f.h. Sigvaldi sf. sækir um samþykki nefndarinnar til að leyfa byggingu á parhúsi á lóð Mýrarbraut 6, í samræmi með framlagða skissu.

*Samþykkt samhljóða.*

RH og PT lýsa sig vanhæf til afgreiðslu á þessum lið og víkja af fundi.

**Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.**

- Samþykkt samhljóða (EFE, IMB, DB).

RH og PT mæta aftur á fundinn.

**II. Innsend erindi til afgreiðslu.**

**1. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um tækifærisleyfi til áfengisveitinga frá þorrablótsnefnd Víkurbúa.**

Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar eftir því að gefni verði umsögn við umsókn um tækifærisleyfi frá þorrablótsnefnd Víkurbúa vegna þorrablóts sem halda á 26. janúar nk.

**Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.**

-Samþykkt samhljóða

RH PT  


2. Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II – stærra gistiheimili frá „Í mínum höndum ehf.“ vegna Austurvegar 7 í Vík.  
Sýslumaðurinn á Suðurlandi óskar eftir því að gefin verði umsögn við umsókn „Í mínum höndum ehf.“ um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II – stærra gistiheimili á Austurvegi 7.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við útgáfu leyfisins.*

-Samþykkt samhljóða.

### III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

#### 1. Áskorun til Íslandspóst.

Fram var lögð tillaga að áskorun til Íslandspóst um að opnað verði pósthús með skilgreindum opnunartímum.

RH lýsir yfir vanhæfi og vísar af fundi.

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna og felur sveitarstjóra að koma erindinu til skila.*

- Samþykkt samhljóða.

RH mætir aftur á fundinn.

#### 2. Hámarkshraði á Austurvegi.

Fram var lögð tillaga að áskorun til Vegagerðarinnar um að hámarkshraði á Austurvegi þar sem þjóðvegur 1 liggur í gegnum Víkurþorp verði lækkaður.

*Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögunni frá eins og hún liggur fyrir.*

*Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra og oddvita að funda með Vegagerðinni og kanna hvaða áform þeir hafa til þess að auka umferðaröryggi í gegnum Víkurþorp.*

*Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að fela skipulags- og byggingarfulltrúa að leita til sérfræðings í umferðaröryggi og móta tillögur um bætt umferðaröryggi í gegnum Víkurþorp.*

- Samþykkt samhljóða.

#### 3. Fundarboð vegna aðalfundar Bergrisans.

Fram var lagt fundarboð á aðalfund Bergrisans.

*Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar sveitarfélagsins á aðalfund Bergrisans verði Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, Einar Freyr Elínarson oddviti og Ragnheiður Högnadóttir.*

- Samþykkt samhljóða

#### 4. Boðsbréf á ráðstefnu ungmennaráða á Suðurlandi – Ungt fólk á Suðurlandi horfir til framtíðar.

Fram var lagt bréf þar sem kjörnum fulltrúum og ungmennum úr sveitarfélögum á Suðurlandi er boðið að sækja ráðstefnu ungmennaráða á Suðurlandi.

*Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúar sveitarfélagsins á ráðstefnunni verði Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri, og Einar Freyr Elínarson oddviti. Til vara verði Ragnheiður Högnadóttir og Páll Tómasson. Jafnframt felur sveitarstjórn sveitarstjóra í samráði við Fristundafulltrúa að leita eftir áhugasömum ungmennum til að sækja ráðstefnuna fyrir hönd Mýrdalshrepps.*

- Samþykkt samhljóða

PH  
PT  
AS  
AMB

**5. Viðtalstími sveitarstjórnarmanna 14. janúar 2019.**

Fram var lögð samantekt oddvita vegna viðtalstíma 14. janúar sl.

Lagt fram til kynningar.

**6. Samstarfssamningur við Umf. Kötlu.**

Fram voru lögð drög að samstarfssamning Mýrdalshrepps og Ungmennafélagsins Kötlu með gildistíma til 31.07.2019.

RH lýsir sig vanhæfa og víkur af fundi.

*Sveitarstjórn staðfestir samninginn og felur sveitarstjóra að ganga frá undirritun.*

- Samþykkt samhljóða.

RH mætir aftur á fundinn.

**7. Flutningur sveitarstjórnarfunda í annað húsnæði.**

Fram var lögð sú tillaga að sveitarstjórnarfundir yrðu færði af skrifstofu Mýrdalshrepps á Austurvegi 17 í Kötluasetur.

Oddviti leggur óskar bókað:

„Í samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepp segir í 15. gr.:

„Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.“

Jafnframt er tiltekið í 8. gr. samþykktarinnar að fundir sveitarstjórnar séu á skrifstofu

sveitarfélagsins. Þar sem færsla fundanna krefst breytingar á samþykkt um stjórn og fundarsköp

Mýrdalshrepps leggur oddviti fram frávísunartillögu undir þessum lið, enda hefur málinu verið

bætt við dagskrá fundarins á réttu formi.”

*Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögunni frá.*

- Samþykkt samhljóða.

**8. Breytingartillaga við samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps.**

Lögð er fram breytingartillaga við samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps sem felur í sér að ekki er lengur fyrirfram ákveðið hvar fundir sveitarstjórnar séu haldnir heldur sé það tilgreint í fundarboði.

*Sveitarstjórn samþykkir við fyrstu umræðu tillöguna sem verður tekin til annarrar umræðu á næsta fundi sveitarstjórnar.*

- Samþykkt samhljóða.

**IV. Fundargerðir til kynningar.**

**1. Fundargerð 540. fundar stjórnar SASS haldinn 7. desember 2018.**

Lagt fram til kynningar.

2. Fundargerð 541. fundar stjórnar SASS haldinn 27. desember 2018.  
Lagt fram til kynningar.


**V. Kynningarefni.**

1. Bréf frá Reikningsskila- og upplýsinganefnd Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, varðandi ferli við gerð viðauka við fjárhagsáætlun.  
Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi Íslandsmót verk- og iðngreina og framhaldskólakynningu.  
Lagt fram til kynningar.
3. Bréf frá Karli Björnssyni framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi vinnumansal og kjör erlends starfsfólks.  
Lagt fram til kynningar.
4. Bréf frá Vegagerðinni  
Lagt fram til kynningar.
5. Svarbréf frá stjórn RARIK, vegna erindis frá sveitarstjórn varðandi bætt afhendingaröryggi rafmagns í Mýrdalshreppi.  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:40

  
Einar Freyr Elínarson, oddviti

  
Ingi Már Björnsson

  
Drífa Bjarnadóttir

  
Ragnheiður Högnadóttir

  
Páll Tómasson



# Sýslumaðurinn á Suðurlandi

---

Mýrdalshreppur, [sveitarstjori@vik.is](mailto:sveitarstjori@vik.is),  
Sveitastjóri Vík, [sveitastjori@vik.is](mailto:sveitastjori@vik.is)  
Lögreglan á Suðurlandi, [sudurland@logreglan.is](mailto:sudurland@logreglan.is)  
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is)  
Vinnueftirlit Suðurlands, [vinnueftirlit@ver.is](mailto:vinnueftirlit@ver.is)  
Byggingafr./brunaftirlit / Mýrdals og Skaftárhrepps, [bygg@vik.is](mailto:bygg@vik.is)

Höfn, 9. janúar 2019

## Efni: Umsókn um tækifærisleyfi.

Embætti Sýslumannsins á Suðurlandi hefur borist umsókn um tækifærisleyfi fyrir Þorablót frá Þorablótsnefnd Víkurbúa, kt. 600199-2699, ábyrðarmaður Kolbrún Magga Mattíasdóttur kt. 090687-3449 sbr. meðfylgjandi umsókn.

Með vísan til 17. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og B. kafla reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er óskað eftir umsögnum framangreindra aðila um áður nefnda umsókn um tækifærisleyfi til áfengisveitinga.

**Umsagnir óskast sendar á netfangið [447leyfi@syslumenn.is](mailto:447leyfi@syslumenn.is)**



Virðingarfyllst,  
f.h. sýslumannsins á Suðurlandi

  
Egill Marteinn Benediktsson.



# Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Mýrdalshreppur, [sveitarstjori@vik.is](mailto:sveitarstjori@vik.is),  
Sveitastjóri Vík, [sveitastjori@vik.is](mailto:sveitastjori@vik.is)  
Lögreglan á Suðurlandi, [sudurland@logreglan.is](mailto:sudurland@logreglan.is)  
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is)  
Vinnueftirlit Suðurlands, [vinnueftirlit@ver.is](mailto:vinnueftirlit@ver.is)  
Byggingafr./brunaftirlit / Mýrdals og Skaftárhrepps, [bygg@vik.is](mailto:bygg@vik.is) [slokkvilid@vik.is](mailto:slokkvilid@vik.is)

Höfn, 13. desember 2018

**Efni: Beiðni um umsögn vegna umsóknar um rekstrarleyfi skv. lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 með síðari breytingum.**

Embætti Sýslumannsins á Suðurlandi hefur borist umsókn um rekstrarleyfi til sölu gistingar í flokki II stærra gistiheimili frá Í mínum höndun ehf., kt. 440614-0780 vegna Austurveg 7, fnr. 218-8599, sbr. meðfylgjandi umsókn.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er óskað eftir umsögnum framangreindra aðila um áðurnefnda umsókn um rekstrarleyfi.

Með vísan til 2. mgr. 9. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016, um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, óskast umsögn veitt við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** frá móttöku bréfs þessa. Berist umsögnin ekki innan framangreinds frests er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi þrátt fyrir að umsögn hafi ekki borist.

**Umsagnir óskast sendar á netfangið [447leyfi@syslumenn.is](mailto:447leyfi@syslumenn.is)**



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Egill Marteinn Benediktsson



Mýrdalshreppur

17. janúar 2019

Íslandspóstur  
bt. Bjarna Jónssonar, stjórnarformanns  
Stórhöfða 29,  
110 Reykjavík

**Málefni: Áskorun til stjórnar Íslandspósts um að opna hið allra fyrsta pósthús með föstum opnunartíma í Vík**

Á fundi sínum 17. janúar sl. samþykkti sveitarstjórn svohljóðandi áskorun til stjórnar Íslandspósts hf.

„Sveitarstjórn Mýrdalshrepps skorar á stjórn Íslandspósts að opna hið allra fyrsta pósthús með föstum opnunartíma í Vík.

Íbúum Mýrdalshrepps hefur fjölgað mjög ört síðustu ár. Fjölgunin var hlutfallslega sú mesta á landinu á síðasta ári og ef fram heldur sem horfir verður slegið met í fjölda íbúa í sveitarfélaginu á næstu árum. Mjög hátt hlutfall íbúa sem hér búa eru af erlendu bergi brotnir og sá hópur reiðir sig mjög á pakkasendingar erlendis frá. Eins verður að horfa til þess að netverslun eykst mjög hratt. Það er því óásættanlegt að ekki sé fastur afgreiðslutími og að íbúar þurfi að sæta þurfi lagi til að pósthúsi eða sækja sendingar.“

Virðingarfyllt

Þorbjörg Gísladóttir  
Sveitarstjóri Mýrdalshrepps

# Boðsbréf

## Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi -Ungt fólk á Suðurlandi horfir til framtíðar-

### Kæra sveitarstjórn

Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi fer fram dagana 30.-31. janúar á Hótel Selfossi. Þar munu koma saman fulltrúar ungmennaráða á Suðurlandi og starfsmenn frá þeim sveitarfélögum sem starfrækja ungmennaráð. Að auki verður áhugasömum ungmendum frá sveitarfélögum sem ekki halda úti slíku ráði boðið að taka þátt. Fyrri dagurinn er vinnudagur unga fólksins en ráðstefnan sjálf fer fram þann 31. janúar. Þar koma saman fulltrúar sveitarstjórna svæðisins, ásamt embættismönnum og þingmönnum og eiga samtál við unga fólk um framtíðarsýn svæðisins.

Helstu markmið ráðstefnunnar eru eftirfarandi:

- Að ungt fólk eiga markvisst samtál við ráðamenn um framtíðarskipulag svæðisins
- Að vekja áhuga ungs fólks á framtíðartækifærum svæðisins
- Styðja við ungmennaráð á svæðinu í sinni vinnu fyrir hagsmunum ungmenna
- Vekja athygli ráðamanna á hagsmunum ungs fólks á svæðinu
- Kynna starfsemi ungmennaráða fyrir nýju sveitarstjórnarfólki og öðrum ráðamönnum
- Styðja við þau fáu sveitarfélög á Suðurlandi sem ekki hafa ungmennaráð til að huga að stofnun þeirra
- Standa vörð um tilvist ungmennaráða á Suðurlandi. Lengja líftíma ráðanna og styrkja starf þeirra
- Að gefa áhugasömu ungu fólk reynslu við að koma sínum skoðunum á framfæri
- Efla samstarf ungmennaráða á svæðinu

Þátttökugjald fyrir ungmennin og starfsmann þeirra fyrir báða dagana er samtals kr. 4.000. Innifalið er gisting, allar máltíðir, vinnugögn, kvöldvaka og annað tilheyrandi. Hægt er að fá styrk fyrir ferðakostnaði sem nemur allt að kr. 10.000 fyrir þátttakendur sem ferðast yfir 100 km á ráðstefnuna og kr. 2.500 fyrir þátttakendur sem ferðast 10 – 100 km.

Sveitarfélögin eru beðin um að tilnefna 5 – 6 ungmenni og starfsmann málaflokksins með þeim.

Þátttökugjald fyrir fulltrúar sveitarfélaganna á ráðstefnuna sjálfa er kr. 2.000. Innifalið eru máltíðir og gögn. Sveitarfélögin eru beðin um að tilnefna tvo aðalmenn og tvo til vara. Við bendum þó á að **allir** kjörnir fulltrúar eru velkomnir og vonumst við til að sjá sem flesta.

Það er Ungmennaráð Árborgar, í samstarfi við Samband sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), sem stendur fyrir ráðstefnunni. Ungmennráðið fékk styrk frá *Erasmus+* sem er styrkjaáætlun ESB fyrir mennta-, æskulýðs- og íþróttamál til að halda ráðstefnuna.

Skráning á ráðstefnuna berist á vefpóstinn [ungmennarad@arborg.is](mailto:ungmennarad@arborg.is) eigi síðar en föstudaginn 25. janúar 2019. Dagskrá ráðstefnunnar verður send út föstudaginn 18. Janúar.

Hlökkum til að sjá sem flesta

Kær kveðja,

Gunnar E. Sigurbjörnsson  
Tómstunda- og forvarnarfulltrúi Árborgar  
480-1950 / 820-4567  
[gunnars@arborg.is](mailto:gunnars@arborg.is)

Guðlaug Ósk Svansdóttir  
Verkefnastjóri Háskólafélags Suðurlands  
6645091  
[gudlaug@hfsu.is](mailto:gudlaug@hfsu.is)



# 541. fundur stjórnar SASS

símafundur haldinn

27. desember 2018, kl. 11:00 – 11:30

Pátttakendur: Eva Björk Harðardóttir, formaður, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Björk Grétarsdóttir, Helgi Kjartansson, Friðrik Sigurbjörnsson, Grétar Erlendsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ari Björn Thorarensen og Ásgerður Kristín Gylfadóttir. Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, tók einnig þátt og ritaði jafnframt fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

## 1. Almennings­samgöngur

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu stöðu viðræðna við Vegagerðina um rekstur samtakanna á almennings­samgöngum árið 2019. Í viðræðunum hefur rík áhersla verið lögð á að ríkið geri upp tap af rekstri almennings­samgangna til loka árs 2018 og að staðinn yrði vörður um núverandi leiðarkerfi á Suðurlandi og loks að reynt yrði að leita allra annarra leiða en fækka ferðum til að reksturinn á komandi ári verði hallalaus.

Vegagerðin hefur, fyrir hönd ráðuneytis samgöngu og sveitarstjórnarmála, staðfest að uppgjör fari fram á uppsöfnuðu tapi við rekstur almennings­samgangna hjá landshlutasamtökunum. Varðandi reksturinn á komandi ári gerir uppfærð áætlun ráð fyrir hallalausum rekstri og að mestu óbreyttu þjónustustigi. Stjórn samþykkir að fækka um tvær ferðir í viku á leið 73, þ.e. kl. 18:00 á þriðju- og fimmtudögum en farþegar eru mjög fáir í þessum ferðum.

Stjórn leggur ríka áherslu á að ef horfur eru á því að forsendur rekstrar standist ekki verði tafarlaust gripið til aðgerða til að rétta reksturinn af.

Framkvæmdastjóra falið að undirrita fyrir­liggjandi samninga við annars vegar Vegagerðina og hins vegar Hópbíla og jafnframt að ganga frá samningi við Strætó.

## 2. Önnur mál til kynningar og umræðu

Engin.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 11. janúar nk.

Fundi slitið kl. 11:20.

Eva Björk Harðardóttir



Jóna Sigríður Guðmundsdóttir

Björk Grétarsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Ari Björn Thorarensen

Helgi Kjartansson

Friðrik Sigurbjörnsson

Grétar Erlendsson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir



## 540. fundur stjórnar SASS

**haldinn að Austurvegi 56 Selfossi**

**7. desember 2018, kl. 13:00 – 16:00**

Mætt: Eva Björk Harðardóttir, formaður, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Björk Grétarsdóttir, Helgi Kjartansson, Friðrik Sigurbjörnsson, Grétar Erlendsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Ari B. Thorarensen og Kristján G. Guðnason. Ásgerður Kristín Gylfadóttir forfallaðist. Einnig sat fundinn Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

### 1. Fundargerð

Fundargerð 539. fundar undirrituð.

### 2. Almenningsamgöngur

Formaður og framkvæmdastjóri kynntu stöðu viðræðna við Vegagerðina um rekstur samtakanna á almenningsamgöngum árið 2019. Viðræður hafa þókast í rétta átt þó þeim sé ekki lokið. Stjórn lagði ríka áherslu á að staðinn yrði vörður um núverandi leiðarkerfið á Suðurlandi og að reynt yrði að leita allra annarra leiða en fækka ferðum.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram. Afgreiðsla á samningi við Vegagerðina er háð samþykki stjórnar.

### 3. Sóknaráætlun

*Tillögur að áhersluverkefnum 2019*

Framkvæmdastjóri kynnti tillögur að áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir árið 2019 sem til umræðu voru á fundi verkefnisstjórnar 3. desember sl. Alls liggja eftirfarandi 20 tillögur fyrir:

- 1) Stefnumörkun Sóknaráætlunar Suðurlands 2020 til 2024
- 2) Atvinnumálastefna fyrir Suðurland
- 3) Menningarstefna Suðurlands

Stjórn er sammála verkefnastjórn um að sameina ofangreind verkefni í eitt.

- 4) Auðlindir Suðurlands - Umhverfis- og auðlindastefna Suðurlands
- 5) Úrgangsmál og meðferð úrgangs - Umhverfis- og auðlindastefna Suðurlands



#### 4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir stjórnanna annarra landshlutasamtaka og sambandsins

Lagðar fram til kynningar, fundargerð 314. fundar stjórnar Eyþings, 38. og 39. fundar stjórnar SSNV, 140. fundar stjórnar SSV, 464. fundar stjórnar SSH og 865. fundar sambandsins.

b. Héraðsskjalasafn Suðurlands

Formaður kynnti erindi formanns Skógasafns. Á fundi stjórnar byggðasafnsins í Skógum var rætt um hugmyndir um hvort skynsamlegt væri að sameina héraðsskjalasöfnin á Suðurlandi í eitt safn með starfsstöðvum á nokkrum stöðum í landshlutanum. Stjórn hvetur stjórnir héraðsskjalasafnanna á Suðurlandi til að gera úttekt á því.

c. Skipan fulltrúa í minjaráð

Formaður kynnti erindi frá forstöðumanni Minjastofnunar Íslands þar sem óskar er eftir að samtökin tilnefni tvo fulltrúa í minjaráð Suðurlands. Tilnefna skal einn fulltrúa af hvoru kyni og skal annar vera aðalmaður og hinn varamaður í ráðinu á árabílinu 2019 – 2022.

Stjórn samþykkir að skipa Ara B. Thorarensen og Ásborgu Ósk Arnþórsdóttur.

d. Skipan í samgöngunefnd SASS

Lagt var til að liðnu ársþingi að skipa í samgöngunefnd og fela nefndinni að fjalla um miklægg samgöngumál á milli aðalfunda. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

e. Uppbygging flugvallarkerfisins og efling innanlandsflugsins sem almenningasamgangna

Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps um uppbyggingu flugvallarkerfisins og eflingu innanlandsflugsins sem almenningasamgangna.

Næsti fundur stjórnar verður föstudaginn 11. janúar nk.

Fundi slitið kl. 15:40.

Eva Björk Harðardóttir  
Jóna Sigríður Guðmundsdóttir  
Björk Grétarsdóttir  
Arna Ír Gunnarsdóttir  
Ari B. Thorarensen  
Helgi Kjartansson  
Friðrik Sigurbjörnsson  
Grétar Erlendsson  
Kristján G. Guðnason



Til sveitarstjórna

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 7. nóvember 2018  
Tilv.: SRN18010107/4.11.2

Efni: Viðauki við fjárhagsáætlun

Reikningsskila- og upplýsinganefnd hefur það hlutverk í sveitarstjórnarlögum að stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga og öðrum fjárhagslegum ráðstöfunum þeirra.

Í 63. gr. sveitarstjórnarlaga eru ákvæði um viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélaga og hefur reikningsskila- og upplýsinganefnd haft ákvæði um gerð viðauka við fjárhagsáætlun til umræðu.

Niðurstaða þeirrar vinnu er gerð leiðbeinandi verklagsreglna um gerð viðauka við fjárhagsáætlun þar sem nefndin setur fram vinnulag sem sveitarstjórn og starfsmenn sveitarfélaga geta farið eftir vegna gerð viðaukans. Verklagsreglunum er ætlað að vera grunnur að verklagi sveitarfélags við gerð viðauka og auðvelda sveitarstjórnnum að setja skýrar reglur um einstakar ákvarðanir.

Meðfylgjandi bréfi þessu eru leiðbeinandi verklagsreglur nefndarinnar og er það von hennar að reglurnar gagnist sveitarstjórnnum að festa betur í formið feril ákvörðunar og eftirlit með því að rekstur sveitarfélags sé í samræmi við fjárhagsáætlun þess. Reglulegur samanburður á bókhaldi og fjárhagsáætlun, og reglubundið eftirlit, eru forsenda þess að leita **fyrirfram** samþykkis sveitarstjórnar vegna útgjalda og fjárfestingar umfram fjárhagsáætlun.

Það eru sérstök tilmæli reikningsskila- og upplýsinganefndar að bréf þetta verði lagt fyrir sveitarstjórn til umræðu og yfirferðar á núverandi verkferlum sveitarfélagsins vegna gerð viðauka og reglubundins eftirlits með framgangi rekstrarins í samanburði við fjárhagsáætlun.

Fyrir hönd reikningsskila- og upplýsinganefndar

*Sigrún Guðmundsdóttir*  
Sigrún Guðmundsdóttir  
formaður

*Eiríkur Benónýsson*  
Eiríkur Benónýsson



Til sveitarstjórna og skólanefnda

Reykjavík 10. janúar 2019

1802088SA HGJ

Málalykill: 04.40

**Efni: Íslandsmót verk- og iðngreina og framhaldsskólakynning  
- Mín framtíð 2019**

Dagana 14. til 16. mars nk. gengst Verkiðn fyrir Íslandsmóti iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu í Laugardalshöll í Reykjavík. Yfirskrift mótsins er *Mín framtíð* og er öllum nemendum í 9. og 10. bekk boðið í Laugardalshöllina.

Verkiðn eru samtök um keppnismál í iðn- og verkgreinum hér á landi, en Íslandsmót iðn- og verkgreina hefur verið haldið annað hvert ár allt frá árinu 2008. Markmið þess er að auka sýnileika iðn- og starfsmenntunar og vekja aukinn áhuga ungs fólks á því námi.

Samhliða Íslandsmótinu fer einnig fram sameiginleg landskynning framhaldsskóla, þar sem skólarnir kynna verklegt og bóklegt nám og veita upplýsingar um námsframboð og inntökuskilyrði. Einnig gefst grunnskólanemum kostur á að handleika og prófa ýmiss konar verkfæri undir handleiðslu fagmanna.

Árið 2017 lögðu tæplega 7.000 grunnskólanemendur leið sína í Laugardalshöllina og hefur sú framkvæmd, að halda þessa tvo viðburði saman, reynst vel.

Verkiðn sendi grunnskólum meðfylgjandi kynningarbréf sl. vor þar sem óskað var eftir samstarfi vegna Íslandsmótsins og framhaldsskólakynningarinnar. Samband íslenskra sveitarfélaga vill vekja athygli á þessu mikilvæga framtaki, með vísun í stefnumörkun sambandsins 2018-2022, gr. 3.2.15: „Sambandið beiti sér fyrir því að efla verk-, tækni- og listnám í skóla- og frístundastarfi með áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og samþættingu greina.“

Eru sveitarfélög hvött til þess að leggja sitt af mörkum svo að grunnskólanemar um land allt hafi möguleika á að taka þátt í áður nefndum viðburðum. Tekið hefur verið tillit til Íslandsmótsins og framhaldsskólakynningarinnar við framkvæmd samræmdra prófa, sem fara nú fram dagana 11.- 13. mars.

Virðingarfyllst,

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson,  
framkvæmdastjóri.



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 13. desember 2018

1811046SA KB

Málalykill: 15.15

### Efni: Vinnumansal og kjör erlends starfsfólks

Á fundi stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 30. nóvember 2018 var lagður fram tölvupóstur Seltjarnarnesbæjar, dags. 11. október 2018, um vinnumansal og kjör erlends starfsfólks.

Erindið var rætt og kom fram af hálfu stjórnarmanna mikill vilji til þess að sveitarfélög vinni að því, ásamt Vinnumálastofnun, aðilum vinnumarkaðarins, skattyfirvöldum og fleirum að tryggja réttindi verkafólks. Jafnframt kom fram að fjármála- og efnahagsráðherra hyggst leggja fram á Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um opinber innkaup þar sem er að finna ákvæði um keðjuábyrgð.

Eftirfarandi var bókað og samþykkt:

**Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til þess að setja í samninga um opinber innkaup kröfur um keðjuábyrgð sem tryggi réttindi verkafólks og sporni gegn mögulegri misnotkun á erlendu vinnuafli.**

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Mýrdalshreppur  
Austurvegi 17  
870 Vík



Hafnarfjörður, 11. desember 2018  
Tilvísun: 2018100012  
FJH/  
Tilv. ykkar:

**Efni: Tilkynning um niðurfellingu Kaldrananesvegur nr. 2233 af vegaskrá.**

Vísað er til fyrra bréfs Vegagerðarinnar, dags. 8.10.2018 þar sem Sigurði Sigurðarsyni, eins af eigendum Kaldrananes, var tilkynnt um að fyrirhugað væri að fella Kaldrananesveg nr. 2233 af vegaskrá þar sem hann uppfyllir ekki lengur skilyrði c. liðar 2. mgr. 8. gr. vegalaga um héraðsvegi, sem er einn flokkur þjóðvega.

Með ofangreindu bréfi var gefinn kostur á að koma að athugasemdum við fyrirhugaða ákvörðun fyrir 5. nóvember sl.

Bréfið var endursent til Vegagerðarinnar og komst því ekki til skila.

Samkvæmt upplýsingum Vegagerðarinnar er nú föst búseta að Kaldrananesi og tilkynnist því hér með að Kaldrananesvegur nr. 2233 uppfyllir skilyrði c.-liðar 2. mgr. 8. gr. Vegalaga nr. 80/2007 og verður því fallið frá fyrirhugaðri niðurfellingu.

Ákvörðun þessi er kæránleg til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs, sbr. VII. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllst,

*Friðriikka J. Hansen*

Friðriikka Jóhanna Hansen  
verkfræðingur  
umsjónardeild, Suðursvæði

Mýrdalshreppur  
b.t. Þorbjargar Gísladóttur, sveitarstjóra  
Austurvegi 17  
870 Vík

TPH/Is

Reykjavík 10. desember 2018

**Varðar: Erindi til stjórnar RARIK að bæta afhendingaröryggi rafmagns í Mýrdalshreppi.**

Í bréfi dags. 25. september sl. kemur fram að sveitarstjórn Mýrdalshrepps hafi samþykkt á fundi sínum 19. september sl. áskorun til stjórnar RARIK um að bæta afhendingaröryggi rafmagns í Mýrdalshreppi. Vísað er til þess að fram hafi komið á fundi með stjórn RARIK sem haldinn var á Hótel Kötlu 31. ágúst sl. að afhendingaröryggi raforku í Mýrdalshreppi væri hvergi nærri nógu vel tryggt og að fram hafi komið að straumleysi í Vík og nágrenni væri tíðara heldur en gengur og gerist annars staðar. Óskar sveitarstjórn eftir því að þar til búið sé að gera nauðsynlegar úrbætur á flutningskerfinu sem tryggja aukið afhendingaröryggi, verði tryggt að varaafli í Vík verði nógu öflugt til að þjónusta Vík og nágrenni.

Stjórn RARIK fjallaði um þetta erindi á fundi sínum þann 25. október sl. og fól forstjóra að svara því, en jafnframt að tryggja að vararafstöð sem á að vera staðsett í Vík, en var í Hveragerði vegna bilunar þar þegar bréfið barst, verði flutt til Víkur sem fyrst.

Það er rétt að á undanförunum árum hafa truflanir í Vík og nágrenni verið tíðar. Hafa þær m.a. stafað af miklu vindálagi undir Eyjafjöllum, en síðustu ár hafa flestar truflanir á svæðinu stafað af áflugi fugla á línur. Á um 60 km kafla þar sem áflugið var til vandræða hafa línur verið settar í jörð og ættu því truflanir af áflugi að mestu að vera úr sögunni.

Vegna fyrrnefndra truflana hefur RARIK lagt verulega fjármuni í lagfæringar á stofn- og dreifikerfinu til Víkur á undanförunum árum. Í stað 33 kV loftlínu hefur verið lagður 33 kV jarðstrengur frá aðveitustöð í Rimakoti í Landeyjum austur fyrir Klifanda, um 50 km leið og var kostnaður við það um 290 mkr. Jafnframt var byggð ný aðveitustöð á strenginn við Holt sem þjónar svæðinu undir Eyjafjöllum, frá Merkurbæjum að Eystri-Skógum og kemur jafnframt í veg fyrir að truflanir á 11 kV kerfinu á því svæði hafi áhrif á afhendingu rafmagns til Víkur. Í ár var svo tekin í notkun ný aðveitustöð í Vík sem tryggir rekstraröryggi enn frekar og er jafnframt með stærri spennu til að anna auknu álagi. Kostnaður við þá stöð var um 178 mkr. Þá hefur á síðustu þremur árum verið varið um 60 mkr til að styrkja innanbæjarkerfið í Vík og tengingu þess við nýja aðveitustöð, auk framkvæmda í dreifikerfinu í Mýrdal fyrir um 65 mkr. Eftir er að endurnýja 33 kV loftlínuna frá Klifanda að Vík um 12 km leið. Sá hluti línunnar er mun nýrri og sterkbbyggðari en kerfið sem lagt hefur verið niður og hefur ekki valdið alvarlegum truflunum. Áformað er að leggja þann hluta í streng innan 5 ára. Tilgangur þessara verkefna er fyrst og fremst til að bæta afhendingaröryggi í Vík og í Mýrdal. Þá hefur færanlegri vararafstöð nú verið komið fyrir í Vík og er gert ráð fyrir að hún verði þar staðsett á meðan núverandi ástand varir. Einnig er verið að bæta tengimöguleika frá Klaustri með nýju úttaki á

Prestbakka m.a. með fjarstýranlegum rofa og spennustilli. Afhendingaröryggi í Vík hefur því batnað verulega á undanförunum árum.

Hvað varaaflið varðar, þá eru í varaafsstöðinni í Vík fastar 2 vélar með framleiðslugetu samtals upp á 1.150 kW. Færanlega varavélin annar um 500 kW, auk þess sem hægt er að flytja um 1.000 kW með línu frá Kirkjubæjarklaustri. Samtals er því mögulegt að anna um 2.650 kW álagi með varaafli og varatengingum á vegum RARIK á svæðinu. Það samsvarar því að í um 80% af tímanum anni varaafli og varatengingar öllu álagi á svæðinu. Á mesta álagstíma anna varaafli og varatenging 80% af hámarksafli sem telja verður vel viðunandi.

RARIK hefur einnig skoðað varaafli í eigu einstaklinga á svæðinu og er í viðræðum um samnýtingu þess og framleiðslusamning, þó ekki væri nema með þeim hætti að viðkomandi sjái um sig sjálfir í straumleysi. Ein vél hefur sérstaklega verið til skoðunar og ef hún bætist við má ætla að tiltækt varaafli aukist um 400 kW sem hefði það í för með sé að varaafli á svæðinu og varatenging skiluðu 100% varaafli 95% af tímanum. Verið er að ganga frá framleiðslusamningi um viðbótar varaafli.

Þar sem ekki er um að ræða að álagstakmarkanir séu í kerfinu, þá eru engin sérstök líkindi til að bilanir verði á mesta álagstíma, t.d. er ekki að vænta áflugs fugla í svartasta skammdeginu þegar álag á kerfið er mest. Líkurnar á því að anna ekki álagi á svæðinu með varaafli eru því litlar.

Hins vegar má ljóst vera að í Vík, eins og mjög víða annars staðar, getur í bilanatilvikum tekið nokkurn tíma að koma varaafli í gang og að koma rafmagni til allra viðskiptavina. Ef um meiriháttar bilun væri að ræða, má einnig benda á að RARIK ræður yfir mun meira færanlegu varaafli en nú er í Vík og getur tryggt að viðbótar varaafli komist á staðinn innan sólarhrings.

RARIK telur því að í ljósi mikillar uppbyggingar á stofn- og dreifikerfi sínu á undanförunum árum hafi afhendingaröryggi í Vík og nágrenni aukist umtalsvert og að brugðist hafi verið við verulega aukinni raforkunotkun á svæðinu. Afhendingaröryggi og varafismál í Vík og nágrenni séu í ásættanlegu lagi, en áfram verður unnið að því að treysta það enn frekar, eins fram kemur hér að ofan.

Virðingarfyllst,



Tryggvi Þ. Haraldsson, forstjóri RARIK